

IS-HSK
N00155
A-C-1

Samningar um félagsheimili
Strefilsstaðahreppur
Samningar um byggingu
1980

S A M N I N G U R.

Samvinnusamningur um byggingu félagsheimilis í Skefilsstaðahreppi,
Skagafjarðarsýslu.

Eftirtaldir aðilar - hér á eftir kallaðir eigendur - gera með sér svo
felldan samvinnusamning um að reisa og reka félagsheimili:

Hreppsfélag Skefilsstaðahrepps,
Búnaðarfélag Skefilsstaðahrepps,
Kvenfélag Skefilsstaðahrepps,

1. gr.

Greiðslu á þeim hluta byggingarkostnaðar, - 60% - sem eigendur eiga
að greiða samkvæmt lögum um félagsheimili, skipta þeir þannig á milli sín:

Hreppsfélag 28%
Búnaðarfélag 2%
Kvenfélag 10%

Þegar tekin er ákvörðun um stærð áfanga í byggingarfrankvæmdum, skal
kveða á um, hvert verði framlag aðila í þegnskaparvinnu og í peningum.

2. gr.

Svo oft, sem nauðsyn krefur, skulu eigendur koma saman til fundar um
málefni félagsheimilisins.

Árlega skal einn þessara funda vera aðalfundur.

Á þessum fundum eiga sæti með öllum fundarréttindum fulltrúar frá
eigendum sem hér segir:

Frá hreppsnefnd 2 fulltrúar
" búnaðarfélagi "
" kvenfélagi 1 "

3. gr.

Fundur eigenda kýs 3 manna frankvæðanefnd (og jafn marga til
vara), sem annast daglegan rekstur og frankvæðir samþykktir eigendafundar.

Frankvæðanefnd þarf ekki að vera skipuð fulltrúum eigenda. Séu nefndarmenn eigi fulltrúar, eiga þeir ekki atkvæðisrétt á eigendafundum, en rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður hennar kallar saman fundi og stjórnar þeim. Hafi eigendafundur eigi kveðið öðruvísi á, skal formaður frankvæðanefndar kalla saman eigendafundi og stjórna þeim.

Ef *meiri* hluti fulltrúa, sem sæti eiga á eigendafundi, óskar eftir fundi, skal formanni skylt að kalla slíkan fund saman. Óski *meiri* hluti þeirra, er sæti eiga í frankvæðanefnd, eftir fundi, skal formaður kalla frankvæðanefndina saman.

Gjaldkeri frankvæðanefndar skal annast allar fjárreiður og reikningshald. Skal hann á aðalfundi leggja fram reikninga, og frankvæðanefnd leggja fram áætlun um framhald frankvænda og fjáröflun.

Reikningar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga.

4. gr.

Eigendafundur skal gera tillögu um staðarval, gerð teikninga, breytingar, sem fram kunna að koma, ákveða árlegar frankvændir og, er líður að því, að félagsheimilið taki til starfa, gera tillögur um rekstursreglur fyrir heimilið.

Nú er félagsheimilið svo langt komið í byggingu að nota megji það allt eða hluta þess til funda eða samgledi, skal frankvæðanefnd þá kveða á um, hvort slíkt afnot skuli leyfð.

5. gr.

Eftir að reglur um rekstur félagshéimilisins hafa verið staðfestar af Menntamálaráðuneytinu, skal húsnefnd taka við störfum frankvæðanefndar.

6. gr.

Af þessum samvinnusamningi hafa verið gerð⁴..... samhljóða eintök.

Hver eigandi og stjórn Félagshéimiliasjóðs heldur einu eintaki.

Gert að *Mallandi* þann *14-12-1980*

F.h. eigenda

Lárus Björnsson
Þórný Ragnarsd.

9. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum, ennfremur að notkun hans fari eftir lögum um íslenska fánann.

10. gr.

Árlega skal húsnæfnd athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Auk þess sé þess gætt að sem flestar skemmdir á húsi og húsnunum séu lagfærðar jafnóðum svo að þar sé þáfnan ríkjandi snyrtimánska.

11. gr.

Skemmdir á húseign, áhðildum og húnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta er spjöllum valda.

12. gr.

Í félagshemilinu ber að hlíta ákveðum gildandi áfengislagi og lörreklusamþykktar.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 9. gr. laga nr. 107/1970 um félagshemili, þólast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þar.